

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Gunnari Braga Sveinssyni um ráðgjafarþjónustu, verktöku og tímabundin verkefni.

1. Hver hefur verið kostnaður ráðuneytisins við hvers kyns ráðgjafarþjónustu frá 1. janúar 2018?

Kostnaður ráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu hefur á tímabilinu 1. janúar 2018 – 31. mars 2021 verið 86.598.297 kr. Er þá bæði talin aðkeypt vinna ráðgjafa og verktaka. Skilin milli þessara þjónustubátta eru óljós og erfitt er að aðgreina þar á milli.

2. Af hvaða fyrirtækjum eða einstaklingum hefur ráðgjafarþjónusta verið keypt á tímabilinu, hvenær hófst þjónustan og hvenær lauk henni, ef henni er lokið? Hve mikið hefur hverjum aðila verið greitt?

Í meðfylgjandi töflu má finna upplýsingar um þá ráðgjafarþjónustu og verktöku sem keypt hefur verið á tímabilinu. Þjónusta þýðenda og túlka er ekki talin með í töflunni.

Birgi	18	19	20	21	Samtals	Samningur	Verktími
88 ehf.				2.174.000	2.174.000	Samningur	2021
Anna Ragnhildur Halldórsdóttir	510.000				510.000	Samningur	2018
Arcur Ráðgjöf ehf.			3.853.000	2.284.000	6.137.000	Samningur	20-21
Aron Freyr Heimisson			87.500		87.500	verðathugun	
Attentus-Mannauður og ráð ehf.	2.289.678	7.460.250	2.554.411		12.304.339	Samningur	18-20
Auðnast ehf.	413.800	550.500	33.210		997.510	Samningur	18-21
Ása Ólafsdóttir		518.750	276.750		795.500	Samningur	19-20
BBA Legal ehf.	140.000				140.000	Samningur	2017
Björg Thorarensen	5.250.000				5.250.000	Samningur	2018
Blackstone Chambers		10.908.184	20.648.887		31.557.071	Samningur	19-20
Brandenburg ehf.	93.633	191.933			285.566	Samningur	18-19
Goðhóll ehf.	51.350		2.540.225	966.050	3.557.625	2 samningar	20-21
Guðmundur Hannesson	112.000				112.000	Samningur	2017
Hrefna Friðriksdóttir		950.000	625.000		1.575.000	Samningur	19-20
Íslenska lögfræðistofan Kringlu			2.213.250	22.750	2.236.000	Samningur	2020
JSG lögmennt ehf.				238.000	238.000	Samningur	2021
KPMG ehf.	154.800	161.250	-		316.050	Samningur	18-19
Markús Sigurbjörnsson			825.000		825.000	Samningur	2020
Maskína-rannsóknir ehf.	90.000	145.150	302.000	165.000	702.150	Samningur	18-21
Mörkin Lögmannsstofa hf.				411.325	411.325	Samningur	2021
Nilsína Larsen Einarsdóttir	65.000				65.000	Samningur	2018
RB bókhald og ráðgjöf ehf.		1.181.250			1.181.250	Samningur	2019
Schjodt AS		4.528.513			4.528.513	Samningur	2019
Sigmar Aron Ómarsson		434.500			434.500	Samningur	2019
Sigrún Jóhannesdóttir	3.250.000				3.250.000	Samningur	2018
Skabelon Design AS		314.572	37.076		351.648	verðathugun	
Skúli Guðmundsson		365.000	1.721.250	27.000	2.113.250	Samningur	19-21
THS lögmannsþjónusta ehf.			2.462.500		2.462.500	Samningur	2020
Vegferð ehf.			1.000.000	500.000	1.500.000	Samningur	20-21
Pekkingarmiðlun ehf.				220.000	220.000	verðathugun	
Þórdís Ingadóttir			280.000		280.000	Samningur	2019
Samtals	15.657.213	31.537.237	51.948.399	25.032.733	86.598.297		

3. *Hve marga samninga hefur ráðuneytið gert um kaup á ráðgjöf, hvenær voru þeir gerðir, við hverja og til hve langs tíma?*

Ráðuneytið hefur gert samninga eins og sést í töflunni hér að framan. Þetta eru ýmist samningar vegna lögfræðiráðgjafar, rekstrarráðgjafar eða annarra þjónustuþátta í rekstri ráðuneytisins.

4. *Hvaða fyrirtæki eða einstaklingar hafa þegið verktakagreiðslur frá 1. janúar 2018?*

Sjá upplýsingar í töflu í 2. tölul., en greiðslur fyrir utanaðkomandi sérfræðiþjónustu og ráðgjöf er ætíð í formi verktakagreiðslna.

5. *Hvaða einstaklingar hafa verið ráðnir í tímabundin verkefni frá 1. janúar 2018? Hvaða verkefni voru þeir ráðnir í og hvaða verkefnum er lokið?*

Starfsmaður	Verkefni	Staða verkefna
Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir	Rafræn réttarvörslugátt	ólokið
Herdís Sigurjónsdóttir	Skýrsla rannsóknarnefndar almannavarna	ólokið
Bryndís Pétursdóttir	Tímabundin starfsmaður sýslumannaráðs	ólokið
Víðir Reynisson	Greining á þörfum löggæsluhúss	lokið